

Ed. 139. Frumvarp til laga [131. mál]
um útflutningsgjald af grásleppuafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum grásleppuhrognum og öðrum afurðum, sem unnar eru úr grásleppu.

Til grásleppuafurða teljast grásleppuafli, sem skip skrásett hér á landi veiða, og vörur, sem úr honum eru unnar til sölu á erlendum mörkuðum.

2. gr.

Útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum skal vera 3,5% af f. o. b.- verðmæti útflutnings.

3. gr.

- Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds, og skiptast tekjur af því sem hér segir:
1. Til greiðslu iðgjalda af líf-, slysa- og örorkutryggingum skipverja sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna. 38%

2. Til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins	18%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	22%
4. Til Samtaka grásleppuhrognafraframléiðenda	22%

4. gr.

Sá hluti tekna af útflutningsgjaldi, sem verja skal til greiðslu á iðgjöldum samkvæmt 1. lið 3. gr. skal vera í vörslu Samtaka grásleppuhrognafraframléiðenda, sem semur um umræddar tryggingar og greiðir iðgjöld af þeim. Eignir sjóðsins ávaxta samtökin með bestu fánlegum vaxtakjörum bankakerfisins. Ráðherra skal setja reglur um Iðgjaldasjóð.

5. gr.

Gjald samkvæmt 2. gr. skal miða við söluverð með umbúðum í samræmi við ákvæði 5. gr. laga nr. 5/1976. Séu afurðir fluttar milli innlendra hafna í því skyni að auðvelda útflutning eða til að umpakka vöru til að tryggja rétta vigt og vörugæði, er heimilt að reikna útflutningsgjald af f.o.b.-verðmæti frá endanlegri útflutningshöfn.

6. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjald-eyrísandvirði fyrir gjaldinu.

7. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap. Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumann skipa. Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

8. gr.

Skip og farmur eru að veði fyrir útflutningsgjaldi, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan. Sektir allar renna í ríkissjóð. Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður hefur grun um, að skilríki þau, sem um getur í 7. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu

efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ríkisbókhaldið skal annast gerð sérstakra heildarskýrsla um ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi, sem birta skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Skýrslur þessar skulu þannig gerðar, að auðvelt sé að fá yfirsýn yfir allar greiðslur til verkefna samkvæmt 3. gr. laga þessara.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1982 og taka til allra afurða samkvæmt lögum þessum, sem út verða fluttar frá sama tíma. Jafnframt fellur úr gildi 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 5 13. febrúar 1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Auk útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr. skal leggja á f.o.b.-andvirði útfluttra grásleppuafurða 2,5% gjald, er notað verði til að standa straum af kostnaði við byggingu birgða-, kæli- og pökkunarstöðvar á vegum Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda. Gjald þetta lækki árlega um 1/10 hluta eða 0,25% á ári þar til það fellur alveg niður að 10 árum liðnum.

Birgða-, kæli- og pökkunarstöðin skal vera sameign grásleppuhrognaframleiðenda, þannig að stofnaðir séu hjá S. G. H. F. séreignarreikningar eigenda útfluttra grásleppuafurða og á þá færð framlög hvers og eins eftir útfluttu afurðamagni. Samtökin skulu setja nánari reglur um þessa séreignasjóði. Leita skal staðfestingar sjávarútvegsráðuneytisins á reglum þessum og getur það krafist breytinga á þeim, ef það telur þess þörf.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um þetta efni var flutt á seinasta þingi, 103. löggjafarþingi, en hlaut ekki afgreiðslu þá. Frumvarpið var sent ýmsum aðilum til umsagnar og sættu nokkur ákvæði þess andmælum, svo að ofan á varð að taka það til endurskoðunar og endurflutnings á þessu þingi.

Frumvarpinu í fyrra fylgdi allrækileg greinargerð þar sem m. a. var rakin þróun og þýðing grásleppuveiðanna fyrir þá, sem þær stunda og þjóðarbúið. Ekki þykir ástæða til að taka hana alla upp hér, nema varðandi einstakar greinar, en í þessum almennu athugasemdum verður helst um það rætt sem ágreiningi olli.

Strax skal tekið fram, að jafnframt þessu frumvarpi er flutt frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, þar sem að aðalefni er lagt til að grásleppuveiðarnar geti notið bóta úr sjóðnum, samkvæmt þeim reglum, sem þar um gilda, enda greiði þær gjald til sjóðsins samkvæmt þessu frumvarpi um útflutningsgjald. Á seinasta þingi var flutt frumvarp um sérstakan aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna, sem ekki hlaut afgreiðslu vegna andmæla í umsögnum, sem nánar er gerð grein fyrir í athugasemdum með því frumvarpi.

Tíminn milli þinga hefir verið notaður til viðræðna við þá aðila, sem veigamestu athugasemdirnar gerðu við frumvörpin, sem flutt voru á seinasta þingi, þ. e. Fiskveiðasjóð Íslands og Fiskifélag Íslands, en innan vébanda þess eru allir helstu hagsmunaaðilar í sjávarútvegi.

Andmæli Fiskveiðasjóðs snertu efnisákvæði 3. gr. frumvarpsins að því leyti sem þau snertu sjóðinn og útlistanir í athugasemdum. Forsvarsmenn sjóðsins fundu það að, að hendur sjóðsstjórnar yrðu bundnar varðandi lánveitingar bæði til grásleppubáta og fyrirhugaðrar birgðastöðvar umfram það, sem gerist um aðrar lánveitingar sjóðsins. Var tekið fram í 3. gr. frumvarpsins og alveg sérstaklega í athugasemdum, að tekjum þeim, sem Fiskveiðasjóður fengi af útflutningsgjaldi, skyldi varið til bátakaupalána grásleppuveiðimanna svo og til umræddrar birgðastöðvar. Eftir viðræður milli forstjóra Fiskveiðasjóðs annars vegar og fulltrúa sjávarútvegsráðuneytisins og framkvæmdastjóra Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda (S. G. H. F.) hins vegar, var ákveðið að falla frá og má burt öll ákvæði og athugasemdir um það, hvernig tekjum Fiskveiðasjóðs af útflutningsgjaldi af grásleppuafurðum skyldi varið. Um það skyldu gilda almennar reglur Fiskveiðasjóðs um slík lán. Hins vega lýsti framkvæmdastjóri S. G. H. F. yfir þeirri von sinni og kvaðst treysta því, að grásleppuveiðimenn bæru ekki skarðan hlut frá borði varðandi lán samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 278/1979, kafla A. Skipalán II, 3. og 4. lið, og að sjóðsstjórn setti ekki reglur, sem takmörkuðu þessar lánveitingar umfram það, sem almennt gerðist um lánveitingar til skipakaupa úr sjóðnum. Sömu athugasemdir gerði hann um lánveitingar samkvæmt 2. gr. sömu reglugerðar, kafla B. Fasteignalán II, varðandi fyrirhugaða birgðastöð S. G. H. F.

Andmæli Fiskifélags Íslands beindust að mestu að því að sett yrðu sérstök lög um Aflatryggingasjóð grásleppuveiðimanna og þar með að ákvæðum 3. gr. frumvarpsins um útflutningsgjald af grásleppuhrognum í tengslum við slíkan sérstakan sjóð. Segja má því, að þegar ofan á varð, að grásleppuveiðimenn skyldu falla undir lög nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, ef samþykki Alþingis fengist þar til, hafi þessi andmæli horfið að mestu, en vikið verður að þeim, sem eftir kunna að standa, í athugasemdum um einstakar greinar. Annars er vikið frekar að afstöðu Fiskifélagsins í greinargerð fyrir fyrrnefndu frumvarpi um breyting á lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, sem flutt var á seinasta þingi, er svo komið, að allur þorri grásleppuveiðimanna, sem veiðarnar stunda að gagni, eru orðnir meðlimir í Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda og eru þó nú orðnir talsvert fleiri en var, er fyrra frumvarpið var flutt. Og það er að ósk þessara samtaka, að þetta frumvarp og frumvarpið um Aflatryggingasjóð séu flutt, enda haft fullt samráð við samtökin um samningu frumvarpanna og efni þeirra.

Þess má loks geta að á sama hátt og í fyrra er hér gert ráð fyrir 15 þús. tunna meðalárs-útflutningi en ekki t. d. 18.500 tonna útflutningi eins og verður á þessu ári.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Lagt er til að greitt verði 3,5% útflutningsgjald af grásleppuafurðum. Í fyrra frumvarpinu var lagt til að gjaldið skyldi vera 4,5%. Ástæða fyrir þessari lækkun er sú, að í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að á verði lagt sérstakt tímabundið gjald, sem nánar verður rætt síðar. Samkvæmt lögum nr. 2/1980 um útflutningsgjald af sjávarafurðum samanber lög nr. 5/1976 svo og lög nr. 16/1981 er almennt útflutningsgjald nú að meðaltali 5,5%. Ráðstöfun tekna af því gjaldi er nokkuð annars eðlis og viðtækari en gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, og er það meginskýringin á því að þetta almenna gjald af grásleppuafurðum er mun lægra.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður innheimti útflutningsgjald af grásleppuafurðum á sama hátt og hann innheimtir útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að ríkisbókhald ráðstafi tekjum af gjaldinu til einstakra ráðstöfunarpátta, sbr. 3. gr.

Í 1. lið 3. gr. er gert ráð fyrir því, að 38% gjaldsins renni til greiðslu á iðgjöldum af líf-,

slysa- og örorkutryggingum sjómanna, sams konar þeim, sem samið er um í heildarkjara-samningum sjómanna og útvegsmanna. Grásleppuveiðimenn hafa almennt verið ótryggðir að þessu leyti, einir fiskimanna og þykir slíkt ekki vansalaust. Könnun ráðuneytisins hefir leitt í ljós, að hægt er að kaupa hópryggingu af þessu tagi og er hér gert ráð fyrir að hún taki til 600 sjómanna. Iðgjald er nú líklega um 220—245 kr. á mann á mánuði eða 660—735 kr. á mann á venjulegu vertíðartímabili eins og það er nú ákveðið að meðaltali í reglugerð nr. 105/1980. Að jafnaði eru sjómenn við grásleppuveiðar mun færri. 38% af útflutningsgjaldinu er ætlað til að standa straum af þessum iðgjöldum eða um 468 þús. kr., en iðgjöldin gætu numið um 396—441 þús. kr.

Líklegt er þó, að þegar samið er um svona hópryggingu, sé hægt að semja um betri kjör en þetta, en það er þó haft í huga að byggja þennan tryggingasjóð upp með tekjuafgangi og gera hann traustan. Í þessu sambandi má nefna, að ólíklegt er, eins og fyrr er á drepið, að tala grásleppuveiðimanna nái tölunni 600, nema þá um væri að ræða mjög aukinn afla og útflutning og þar með auknar tekjur.

Í 2. tl. 3. gr. er hlutur Aflatryggingasjóðs í iðgjaldinu ákveðinn 18%. Hann er nokkru hærri en hlutur sjóðsins af almenna iðgjaldinu, þ. e. 15% til hinnar almennu deildar, enda er heildariðgjaldið herra. Það breytta fyrirkomulag, að grásleppuveiðimenn komi undir Aflatryggingasjóð í stað þess að vera í sérstökum sjóði, leiðir til þess, að ríkissjóður mun greiða mótframlag móti tekjum af útflutningsgjaldinu, en það nemur nú 40% samkvæmt lögum nr. 2/1980. Þótt grásleppuveiði hafi verið nokkuð árviss undanfarin ár, eins og rakið var í greinargerð fyrir frumvarpinu, sem flutt var á seinasta þingi, gæti síðar brugðið til beggja vona um þau. Samtök grásleppuhrognaframleiðenda vilja í þessu efni líta til framtíðarinnar, eins og aðrir útvegsmenn og sjómenn. Vilja þeir því í þessu efni stofna til samtryggingarsjóðs, sem gæti varið þá áföllum, ekki síst þegar einstök veiðisvæði verða illa úti eins og dæmin sanna. Veðurfar og fiskgöngur geta valdið því, að einstakir útgerðarstaðir eða útgerðarsvæði verði illa úti, þótt veiði sé almennt góð. Í þessu efni þarf ekki langt að leita. Þess má geta t. d., að á grásleppuvertíðinni í fyrra var ríkjandi vestanátt á N. A. miðunum, sem olli því, að grásleppuafli var góður hjá Raufarhafnarbátum, en mjög slakur hjá Þórshafnarbátum. Önnur dæmi þessu lík mætti nefna. Í frumvarpi til laga um breyting á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um bótasvæði og er gerð grein fyrir því efni í því frumvarpi. En ástæða er til að leggja áherslu á, að með þessu ákvæði eru grásleppuframleiðendur að taka á sig samábyrgð, sem gæti varnað því að fáir einstaklingar verði fyrir áföllum, sem þeim yrði óviðráðanleg án samhjalpar starfsbræðra sinna. Þessum sjóði er ætlað 18% af útflutningsgjaldinu og nemur um 221 þús. kr. miðað við þær forsendur, sem hér er byggt á. Til viðbótar kemur svo 40% mótframlag ríkissjóðs.

Þá er lagt til í 3. tl. 3. gr. að til Fiskveiðasjóðs renni 22% af tekjum af útflutningsgjaldinu. Miðað við forsendur frumvarpsins myndi sú upphæð nú nema um 272 þús. kr. á ári. Í almennum athugasemdum er fjallað um þennan þátt og því ekki ástæða til að gera það frekar hér.

Loks er í 4. tl. gert ráð fyrir því, að 22% útflutningsgjaldsins gangi til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda til að kosta félagsstarfsemi þess. Með fjölgun meðlima og mjög auknum umsvifum eykst kostnaður af starfsemi S.G.H.F. Í umsögn um frumvarpið, sem lá fyrir þinginu í fyrra kvað stjórn Fiskifélagsins með þessu ákvæði skapað varhugavert fordæmi, enda þótt samtök sjómanna og útvegsmanna njóti tekna af hinu almenna útflutningsgjaldi, samkvæmt lögum nr. 5/1976 með síðari breytingum, þar sem það sé almenns eðlis. Hér sé hins vegar ein atvinnugrein skilin frá. Ekki eru þessi andmæli rökstudd frekar. Er nokkuð erfitt að sjá hver eðlismunur er hér á. Að vísu væri hægt að hugsa sér, að S.G.H.F. fengi hluta af þeim hluta almenns útflutningsgjalds, sem nú rennur til samtaka sjómanna og útvegsmanna. En það yrði varla gert öðruvísi en að hluti útflutningsgjalds af grásleppuafurðum yrði notaður í því skyni. Og ber þá ekki allt að sama brunni? Á það má svo benda, að

samkvæmt lögum hefir undanfarin ár 1% af f.o.b.-andvirði útfluttra grásleppuhroga runnið til S.G.H.F. Samkvæmt forsendum þessa frumvarps, þ. e. 15 þús. tn. útflutningi, nemur 1% af útflutningsgjaldi um 352 þús. kr., en tekjur af þeim 22% af 3,5% heildarútflutningsgjalds, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, nema um 271 þús. kr., þannig að við þessa breytingu minnka tekjur S.G.H.F. af útflutningsgjaldi um tæpan fjórðung. Þetta gæti verið eðlilegt, ef tekst að koma upp birgðastöð fyrir grásleppuhrogn, sem að verður vikið síðar, enda skapast þá breiðari grundvöllur til að standa straum af framkvæmdastjórn og skrifstofukostnaði.

Verði um tekjuafgang af ræða hjá S.G.H.F., hefir aðalfundur samtakanna það að sjálf-sögðu í hendi sér að ráðstafa honum t. d. með endurgreiðslu til félagsmanna, ef um slíkar fúlgur yrði að ræða, að félagsmenn teldu sig muna um slíkt.

Erfitt er að meta alla framanritaða kostnaðarliði með tilliti til framtíðarþarfa. Reynslan verður úr að skera og gæti hún kallað á lagabreytingu síðar, ef frumvarp þetta verður að lögum. Og þegar reynslan er fengin ætti slík breyting laganna að vera vandkvæðalaus og að laga þau að þörfum framleiðslugreinarinnar, enda er slíkt engan veginn fordæmalaust.

Um 4. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að sá iðgjaldasjóður, sem myndast samkvæmt 1. tl. 3. gr., verði í vörslu og umsjá S.G.H.F., enda semji þau um umræddar tryggingar, væntanlega í einu lagi og þá líklega að udnangengnu útbóði, og greiði iðgjöld af þeim. Að sjálf-sögðu er nauðsynlegt að um þessi efni og framkvæmdina yfirleitt og meðferð sjóðsins gildi skýrar reglur og er því gert ráð fyrir því að sjávarútvegsráðherra setji slíkar reglur með reglugerð.

Um tryggingamálin er annars fjallað í greinargerðinni með frumvarpinu, sem flutt var á seinasta þingi. Til viðbótar því sem þar segir má geta þess að fiskimenn almennt njóta víðtækra trygginga í slysa- og veikindatilfellum, samkvæmt lögum nr. 49/30. maí 1980 (ný 18. gr. sjómannalaga). Þær tryggingar taka þó að sjálf-sögðu ekki til bátseigenda sjálfra, en þeir njóta hins vegar almenns bótaréttar, samkvæmt lögum um almannatryggingar. Sá réttur er alveg hverfandi á móti þeim rétti, sem menn njóta samkvæmt fyrrgreindum lögum nr. 49/1980. Við þessu verður ekki annað gert en það, að hver bátseigandi hefir það á valdi sínu að tryggja sig sérstaklega fyrir veikindum og slysum á hinum almenna tryggingamarkaði. Á þetta er bent hér þar sem mönnum mun yfirleitt ekki vera ljós þessi munur á réttarstöðu né heldur möguleikinn á kaupum á sérstökum tryggingum.

Um 5. til 13. gr.

Þessar greinar fjalla um innheimtu útflutningsgjalds og önnur efni, sem eru grundvöllur innheimtunnar. Eru þau nánast alveg samhljóða sams konar ákvæðum í lögum nr. 5/13. febrúar 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 14. gr.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum verður, taki gildi 1. apríl 1982, en þá falla úr gildi ákvæði gildandi laga um að útflutningsgjald af grásleppuhrognum skuli renna til Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins.

Það er ljóst, að ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum verður, verða ekki virk fyrr en í fyrsta lagi að lokinni grásleppuvertíð 1982, er tekjur hafa skapast af útflutningsgjaldinu. Fram að þeim tíma gefst því tómt til að meta þá möguleika, sem það skapar grásleppuhrognafurðum og til að setja nánari reglur um það, hvernig þeim málum verði best hagað.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Eins og fram kom í frumvarpinu, sem flutt var á seinasta þingi, ríkir mikill áhugi meðal grásleppuveiðimanna á að koma upp kældri birgða- og pökkunarstöð. Var gerð allrækileg

grein fyrir þeim áformum þar, þótt aðeins hefðu farið fram lauslegar undirbúningsathuganir þá. Ástandið í sölumálum á þessu ári hefir ýtt mjög undir áhuga manna á málinu og væntanlega er nú öllum orðið ljóst, að um knýjandi nauðsyn er að ræða. Ekki hefir enn selst nema um helmingur af hrognaframleiðslu ársins og víðsvegar um land eiga framleiðendur í miklum erfiðleikum með geymslu á vöru sinni vegna þess að hentugar geymslur eru ekki til og liggur framleiðslan því undir skemmdum. Hefði birgða- og kæligeymsla verið til nú, væri þessi vandi ekki fyrir hendi.

Þetta alvarlega ástand getur og leitt til óeðlilegra undirboða á grásleppuhrognum og leitt til óðagots í sölumálum. Kaupendur erlendis vita um þetta ástand og halda því frekar að sér höndum en ella og freista þess að biða þess að menn örvænti og selji vöru sína á stórlækkðu verði. Geymsluaðstaða eins og sú, sem hér um ræðir leysir offramleiðsluvandamál með vennemum hætti. Í fyrsta lagi geta menn beðið með afurðasölna uns markaðurinn jafnar sig, áhyggjulausir af því að varan skemmist. Í öðru lagi geta menn hagað veiðum næsta árs á eftir með hliðsjón af framvindunni árið á undan og horfum framundan. Ef samstaða næðist ekki hefðu stjórnvöld aðstöðu til að grípa í taumana og marka veiðistefnu, sem þjónaði heildarhagsmunum.

Á seinasta ári höfðu forráðamenn S.G.H.F. ekki mótaðar hugmyndir um gerð umræddrar stöðvar, stærð hennar og staðsetningu, né heldur um kostnað við byggingu hennar og fjármögnun kostnaðar. Nú liggja fyrir frumdrættir að kæli- og birgðastöð, sem á að geta fullnægt þörfum framleiðenda miðað við meðalársframleiðslu og söluerfiðleika. Gert er ráð fyrir að stöðin kosti 5 millj. kr. Ákveðið hefir verið, að stöðin verði reist í Reykjavík og hefir þegar fengist lóð fyrir hana við Reykjavíkurbíó. Lánsloforð hafa að sjálfsgöðu enn ekki fengist, en lánamöguleikar hafa verið kannaðir.

Samkvæmt reglugerð nr. 278/1979 fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, 2. gr. B. Fasteignalán II, 4. tl. er Fiskveiðasjóði heimilt að lána til svona byggingar allt að 60% gegn 1. veðrétti (5. mgr. 3. gr.). Mun S.G.H.F. leita eftir slíku láni. Einnig mun verða leitað til Byggðasjóðs, enda telur S.G.H.F. að hér sé um að ræða byggðamál í viðtækasta skilningi. Loks munu S.G.H.F. leita ásjár viðskiptabanka síns um það sem á vantar.

S.G.H.F. líta svo á, að mun auðveldara ætti að vera að fá þá lánafyrirgreiðslu, sem hér hefir verið tæpt á, er lánveitendur vita um tekjustofn, nánast nokkurs konar stofnfjárjóð, sem að öllum líkindum muni geta staðið undir greiðslum afborgana og vaxta. Er og einsýnt, að það fé sem innheimtist samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu verði í vörslu ábyrgs aðila, sem ráðstafi því til lánveitenda eftir forgangsroð og má láta sér detta í hug að sá aðili yrði viðskiptabanki S.G.H.F.

Tekjur af því sérstaka, tímabundna útflutningsgjaldi, sem í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að á verið lagt og innheimt, eru reistar á eftirfarandi forsendum.

1. Verð stöðvarinnar verði 5 millj. kr.
2. Greiðsla byggingarkostnaðar dreifist á 10 ár með jöfnum, árlegum afborgunum.
3. Lánskjör verði hin sömu og nú eru hjá Fiskveiðasjóði, það er lánin séu verðtryggð og beri 4% ársvexti.
4. Árlegur útflutningur grásleppuafurða verði að meðaltali sem nemi andvirði 15.000 tunna grásleppuhrogn á \$ 330/-
5. Útflutningsgjaldið á að nægja til að standa straum af greiðslu afborgana og vaxta, heldur ríflega þó.

Menn hafa ekki að fullu gert upp hug sinn um rekstrarform stöðvarinnar. Ýmis form má sjálfsgagt velja um og mætti leita þeirra í samþykktum ýmissa samtaka m. a. útflutningssölu-samtaka eða þá að finna eitthvert annað heppilegt sameignarform. Orðalagi ákvæðisins um séreignarreikninga er ætlað að vera svo rúmt, að það hindri ekki það að koma þessu fyrirkomulagi í heppilegasta farveg. Það skal tekið fram, að ef um verður að ræða séreignarsjóð meðlima S.G.H.F. má ekki blanda honum saman við þessa séreignarreikninga, því að þeir

einir ættu að geta talist eigendur birgðastöðvarinnar, sem fé leggja til byggingar hennar, og þá í réttu hlutfalli við framlög hvers og eins.

Rétt þykir að ákveða að leitað skuli staðfestingar sjávarútvegsráðuneytisins á þeim reglum og því fyrirkomulagi, sem haft verður á eignar- og rekstrarformi stöðvarinnar enda er það nauðsynlegt meðal annars, ef ágreiningur kæmi upp um þetta efni.

Þetta bráðabirgðaákvæði snýr aðeins að fjármögnun byggingar birgða-, kæli- og pökkunarstöðvarinnar. Reksturskostnað verður að greiða af þjónustugjöldum og leigum. Spyrja má, hvort stöðin kunni ekki að verða ónotuð langtímum saman ár hvert eða a. m. k. sum ár. Talið er, að mikil eftirspurn sé jafnan hér í Reykjavík eftir geymslurými, einkum fyrir frystar afurðir. Áætlað er að tekjumöguleikar fyrir slíka þjónustu séu miklir. Reynist það rétt, mun það styrkja mjög afkomu stöðvarinnar og gera þar með ódýrari þá þjónustu, sem hrognaframleiðendur njóta eða þá vera baktrygging fyrir því, að hægt verði að standa í skilum með greiðslu afborgana og vaxta af byggingarlánnum.

Í athugasemdum fyrir frumvarpinu, sem flutt var á seinasta þingi, en sýnt fram á, hversu hagkvæmt getur verið fyrir hrognaframleiðendur að eiga aðgang að birgðastöð í Reykjavík, þótt ekki skapist svo geigvænlegt sölu- og geymslufundamál, eins og við núverandi markaðsaðstæður, sem gera byggingu stöðvarinnar að bráðri nauðsyn. Skal sú hlið mála því ekki rakin frekar hér.